



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2021

LIOL2IL05

Kennari	Ása Einarsdóttir asa.einarsdottir@fss.is
Viðtalstími	Viðtalstími: fimmtudaga kl. 10:15-11:00
Kennsluefni	Essentials Of Anatomy And Physiology eftir Gerard J. Tortora og Bryan Eriksen. Ljósritað litmyndahefti.
Áfangalýsing	Markmið áfangans er að nemendur öðlist þá grundvallarþekkingu og skilning á byggingu og starfsemi mannlíkamans, sem er nauðsynleg fyrir frekara nám og störf á heilbrigðissviði. Farið er í byggingu og starfsemi hringrásakerfis: blóð, hjarta, blóðæðar, blóðþrýstingur og stjórnun hans; vessakerfis: vessalíffæri, varnir, ónæmi; öndunarkerfis: öndunarvegur, lungu, öndunarhreyfingar, loftskipti, stjórnun öndunar; meltingarkerfis: aðal- og aukalíffæri meltingar, melting og stjórnun hennar; þvagkerfis: nýru, þvagblaðra, þvagpípur, þvagrás, þvagmyndun; æxlunarkerfis: innri og ytri kynfæri, myndun kynfrumna, kynhormón, tíðahringur. Auk þess er farið í grundvallaratriði fósturþroska. Fjallað er um hvernig starfsemi allra líffærakerfanna tengist innbyrðis og hvernig hún viðheldur innri stöðugleika líkamans. Öll líffærafræðileg umfjöllun gengur út frá latneskri nafngiftafræði.

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Heimavinna	15 vikur x 2 klst.	30 klst.
Undirbúningur f. kaflapróf	3 x 2 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. lokapróf	12 klst.	12 klst.
Lokapróf	2 klst.	2 klst.
Alls		110 klst. = 5 feín*

Þekking Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi • starfsemi þeirra líffærakerfa sem farið er yfir hvernig starfsemi líffærakerfanna tengist innbyrðis og viðheldur innri stöðugleika líkamans	Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • nýta þekkingu sína og leikni í líffæra- og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum og starfi • greina á milli heilbrigðrar líkamsstarfsemi og frávika frá henni
Leikni Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta • tengja byggingu líffæra- og líffærahluta við starfsemi þeirra • tengja í heild starfsemi líffærakerfanna • rekja og útskýra flókin lífeðlisfræðileg ferli • dýpka þekkingu sína í faginu með fjölbreyttri heimildavinnu • vinna sjálfstæð kynningarverkefni	→ taka þátt í faglegri umræðu er varðar líffæra- og lífeðlisfræði • meta trúverðugleika töfralausna um bættu heilsu • bera ábyrgð á eigin heilsu

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr lokaprófi til að fá vinnueinkunn metna. Að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum getur nemandi áunnið sér rétt til að láta vinnueinkunn gilda sem lokaeinkunn í áfanganum: Að vetrareinkunn sé hærri en 8,0 og að nemendur standi skil á öllum verkefnum/prófum sem getið er um í þessari áætlun.
---	--

Heiti	Vægi
Fjögur Moodlepróf	20%
Tvö kaflapróf	30%
Lokapróf	50%

Reglur áfanga	Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund!
-----------------------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	Athugið að vegna núverandi ástands geta orðið breytingar á þessari áætlun með litlum eða engum fyrirvara.
---	---

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6. - 8. janúar	14.kafli. Hjarta og æðakerfi. Blóð	
2. vika 11. - 15. janúar	14.kafli. Hjarta og æðakerfi. Blóð	
3. vika 18. - 22. janúar	15.kafli. Hjarta og æðakerfi. Hjarta	
4. vika 25. - 29. janúar	15.kafli. Hjarta og æðakerfi. Hjarta	Moodlepróf 1. 29. janúar
5. vika 1. - 5. febrúar	16. kafli. Hjarta og æðakerfi. Æðar	Kaflapróf 1. 4. febrúar
6. vika 8. - 12. febrúar	17.kafli. Vessa og ónæmiskerfi.	
7. vika 15. - 19. febrúar	17.kafli. Vessa og ónæmiskerfi.	Moodlepróf 2 19. febrúar
8. vika 22. – 26. febrúar	18. kafli. Öndunarkerfi	
9. vika 1. - 5. mars	18. kafli. Öndunarkerfi	
10. vika 8. - 12. mars	19. kafli. Melting	Moodlepróf 3.12. mars
11. vika 15. - 19. mars	19. kafli. Melting	
12. vika 22. - 26. mars Páskafri	21. kafli. Þvagkerfi	
13. vika 6. - 9. apríl	21. kafli. Þvagkerfi	
14. vika 12. - 16. apríl	22. kafli. Vökva-, salta- og sýru- basajafnvægi	Moodlepróf 4.16. apríl
15. vika 19. - 23. apríl Sumard. fyrsti	23. kafli. Æxlunarkerfi	
16. vika 26. - 30. apríl	23. kafli. Æxlunarkerfi	Kaflapróf 2. 29. apríl
17. vika 3. - 6. maí	24. kafli. Fósturþroski	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ása Einarsdóttir